Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 37

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar
27. nóv. '09.–

Ár 1909, laugardaginn 27. nóv. kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hjer segir.

1. Magnúsi Blöndahl fyrir hönd Einars Benediktssonar leyft að láta auskari reykháfinn (18x18 þuml. víðan innanm.) í húsi Einars, því sem verið er að byggja við Austurstr., Pósthússtræti og Vallarstræti, hallast allt að 24° til þess að hann sleppi upp með skotþerru undir suðurkvisti hússins; en því skilyrði er leyfið bundið, að svo sje um reykháfinn búið, að byggingarfulltrúa líki.

2. Sveinn Björnsson yfirrjettarmálaflutningsmaður sækir fyrir hönd Brillouins konsúls um að fá breytt mörkum á byggingarlóð þeirri, er hann fyrir hönd frakkneska spítalafjelagsins í Dunkerque keypti síðastl. haust af Jóni Jenssyni og Halldóri Jónssyni á Fjelagstúni. Lóðamörk lóðar þessarar eru af byggingarnefndinni 9. okt. f. á. ákveðin með samningi við seljendur lóðarinnar og samkv. umsókn þeirra. Nú liggur ekki fyrir nein umsókn frá seljendum um breytingu á lóðarmörkunum og getur nefndin ekki að svo komnu og án þeirra samþykkis breytt mörkum þeim, sem sett hafa verið fyrir byggingarlóðinni.–

Fundi slitið

Kristján Þorgrímsson Páll Einarsson
Sig. Thoroddsen Jón Jensson [illegible] Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem öðrum reykháfunum í hinu nýja
húsi herra Einars Benediktssonar við Austurstræti
er þannig fyrirkomið — samkvæmt uppdráttunum —
að: Annaðhvort verður að skera í sundur „Kileperrana"
m. m. á Suður-kvisti hússins — en það mundi veikja
húsið um of, og þess utan örðugast að fyrirbyggja leka
með reykháfunum — eða: að reykháfurinn verður að
hallast allt að 24° á c: 4 álna hæð, á bilinu milli
efri og neðri „Skammbita", — þá leyfi jeg mjer
hjer með virðingarfyllst að beiðast leyfis hinnar
háttvirtu byggingarnefndar til þess, að nefndur
reykháfur — sem er c: 18" × 18" að innanmáli — megi
á hinum tilgreinda stað hallast svo mikið að
c: 24° horn verði milli hans og lóðrjettrar línu.

Reykjavík 26 nóvember 1909.

Magnús Blöndahl

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk 683 1909 By. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur